

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

98/EES/12/01	Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1082 - Allianz/AGF)	1
98/EES/12/02	Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1006 - UPM-Kymmene/APRIL)	2
98/EES/12/03	Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1144 - Winterthur/ARAG)	3
98/EES/12/04	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.999 - CLT-UFA/Havas Intermédiation)	4
98/EES/12/05	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.1025 - Mannesmann/Olivetti/Infostrada)	4
98/EES/12/06	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.1041 - BASF/Shell (II))	5

98/EES/12/07	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.1065 - Nestlé/San Pellegrino)	5
98/EES/12/08	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.1081 - Dow Jones/NBC - CNBC Europe)	6
98/EES/12/09	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.1117 - Pinault/Guilbert)	6
98/EES/12/10	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 72/97 - Þýskaland	7
98/EES/12/11	Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar um drög að tilskipun um breytingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/338/EBE í því skyni að tryggja að fjarskiptanet og kapalsjónvarpsnet sem eru í eigu eins fyrirtækis séu aðskildir lögaðilar	7
98/EES/12/12	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun, með hliðsjón af samkeppnisreglunum, á sameiginlegum rekstri eins fyrirtækis á fjarskiptaneti og kapalsjónvarpsneti og um að afnema takmarkanir á rými fyrir kapalsjónvarp á fjarskiptanetinu	7
98/EES/12/13	Auglýst eftir umsóknum í tengslum við undirátætlunina um rannsóknir og tæknipróun, þar með talin prófunarverkefni, á sviði upplýsingatækni og boð til fyrirtækja um að láta í ljós áhuga sinn á þátttöku í félagamóti lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Evrópu- sambandinu og Bandaríkjunum.	8
98/EES/12/14	Tilkynning franskra stjórnvalda varðandi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni	9
98/EES/12/15	Orðsending frá Hollandi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni - Tilmæli um umsóknir um vinnsluleyfi fyrir olfu og gas á olíuleitarsvæði K 16	9
98/EES/12/16	Auglýsing frá lyfjamatsstofnun Evrópu (EMEA)	10
98/EES/12/17	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 16. 2. til 27. 2. 1998	11
98/EES/12/18	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir	12

3. Dómstóllinn

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1082 - Allianz/AGF)

98/EES/12/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. 3. 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Allianz AG (Allianz) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins allsherjaryfirráð yfir Assurances Générales de France (AGF) með kaupum á meirihluta hlutabréfa í yfirtökuboði sem var auglýst 17. febrúar 1998 og lauk 20. mars 1998.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Allianz: eignarhaldsfélag á sviði líftrygginga, skaða- og endurtrygginga,
 - AGF: líftryggingar, skaða- og endurtryggingar,
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 92, 27. 3. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1082 - Allianz/AGF, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.1006 - UPM-Kymmene/APRIL)****98/EES/12/02**

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. 3. 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin UPM-Kymmene Corporation, Finnlandi, og Asian Pacific Resources International Holdings Limited (APRIL), Singapur, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækjunum UPM-Kymmene Fine Paper og APRIL fine paper með hlutabréfaskiptum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - UPM-Kymmene Corporation: trjáíðnaður, þar með talinn pappírsiðnaður,
 - APRIL: trjákvóða, pappír,
 - UPM-Kymmene Fine Paper: trjákvóða og fínunninn pappír, aðallega í Evrópu,
 - APRIL Fine Paper: trjákvóða og fínunninn pappír, aðallega í Asíu.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 88, 24. 3. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1006 - UPM-Kymmene/APRIL, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.1144 - Winterthur/ARAG)**

98/EES/12/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. 3. 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Winterthur Schweizerische Versicherungs-Gesellschaft (Winterthur), sem er undir stjórn Credit Swiss Group og ARAG Allgemeine Rechtsschutz-Versicherungs-AG, Düsseldorf (ARAG), öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir Winterthur-ARAG Rechtsschutzversicherungs-Gesellschaft (Winterthur-ARAG, Schweiz) nýstofnuðu fyrirtæki sem varð til við samruna ARAG Allgemeine Rechtsschutz-Versicherungs-AG Zürich og Winterthur Rechtsschutzversicherungs-Gesellschaft.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Winterthur: váttryggingar,
 - ARAG: váttryggingar,
 - Winterthur-ARAG, Schweiz: málskostnaðartryggingar í Sviss.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 88, 24. 3. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1144 - Winterthur/ARAG, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.999 - CLT-UFA/Havas Intermédiation)

98/EES/12/04

Framkvæmdastjórnin ákvað 26. 2. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á frönsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CFR“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M0999. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.1025 - Mannesmann/Olivetti/Infostrada)

98/EES/12/05

Framkvæmdastjórnin ákvað 15. 1. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1025. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

⁽¹⁾ Stjórn. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjórn. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.1041 - BASF/Shell (II))**

98/EES/12/06

Framkvæmdastjórnin ákvað 23. 12. 1997 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CFR“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 397M1041. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.1065 - Nestlé/San Pellegrino)**

98/EES/12/07

Framkvæmdastjórnin ákvað 16. 2. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1065. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.1081 - Dow Jones/NBC - CNBC Europe)

98/EES/12/08

Framkvæmdastjórnin ákvað 22. 1. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1081. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.1117 - Pinault/Guilbert)

98/EES/12/09

Framkvæmdastjórnin ákvað 10. 3. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á frönsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CFR“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1117. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

⁽¹⁾ Stjórnartíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjórnartíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 72/97
Þýskaland

98/EES/12/10

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna aðstoðar sem þýska ríkisstjórnin áformar að veita fyrirtækinu SKET Verseilmaschinenbau GmbH (Saxlandi-Anhalt)(sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 83 frá 18. 3. 1998).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

European Commission
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland.

**Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar um drög að tilskipun um
breytingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/338/EBE í því
skyni að tryggja að fjarskiptanet og kapalsjónvarpsnet sem eru í
eigu eins fyrirtækis séu aðskildir lögaðilar**

98/EES/12/11

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt drög að tilskipun um breytingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/338/EBE í því skyni að tryggja að fjarskiptanet og kapalsjónvarpsnet sem eru í eigu eins fyrirtækis séu aðskildir lögaðilar.

Framkvæmdastjórnin ætlar að samþykkja tilskipunina eftir að hafa tekið til greina athugasemdir allra aðila sem eiga hagsmuna að gæta.

Framkvæmdastjórnin gefur öllum þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum varðandi drögin að tilskipuninni á framfæri við sig.

Athugasemdirnar verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tveggja mánaða frá því að drögin birtast í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins (Stjtið. EB nr. C 71, 7. 3. 1998). Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (bréfasími: +32 2 296 98 19, með tölvupósti (cable-review@dg4.cec.be) eða í pósti, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate C
Office 3/44
Avenue de Cortenberg/Kortenberglaan 150
B-1040 Brussels

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun, með
hliðsjón af samkeppnisreglunum, á sameiginlegum rekstri eins
fyrirtækis á fjarskiptaneti og kapalsjónvarpsneti og um að afnema
takmarkanir á rými fyrir kapalsjónvarp á fjarskiptanetinu**

98/EES/12/12

Framkvæmdastjórnin birti orðsendingu um endurskoðun, með hliðsjón af samkeppnisreglunum, á sameiginlegum rekstri eins fyrirtækis á fjarskiptaneti og kapalsjónvarpsneti og um að afnema takmarkanir á rými fyrir kapalsjónvarp á fjarskiptanetinu í Stjtið. EB nr. C 71 frá 7. 3. 1998 (sjá nánari upplýsingar í fyrnefndum Stjtið. EB).

**Auglýst eftir umsóknum í tengslum við undiráætlunina um
rannsóknir og tækniþróun, þar með talin prófunarverkefni,
á sviði upplýsingatækni og boð til fyrirtækja um að láta í ljós
áhuga sinn á þátttöku í félagamóti lítilla og meðalstórra
fyrirtækja í Evrópusambandinu og Bandaríkjunum.**

98/EES/12/13

Framkvæmdastjórnin lýsti eftir umsóknum í tengslum við undiráætlunina um rannsóknir og tækniþróun, þar með talin prófunarverkefni, á sviði upplýsingatækni og bauð fyrirtækjum að láta í ljós áhuga sinn á þátttöku í félagamóti lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Evrópusambandinu og Bandaríkjunum í Stjtið. EB nr. C 81 17. 3. 1998 (sjá nánari útlístun í fyrrnefndum Stjtið. EB).

Nánari upplýsingar um hvernig staðið skuli að umsóknum, skilyrði fyrir þátttöku, framlagningu umsókna, samninginn sem verður gerður við útvalda umsækjendur, vinnuáætlunina fyrir 1998, sem og önnur gögn, er að finna í upplýsingapakka 1997 sem hægt er að fá hjá framkvæmdastjórninni. Í bæklingnum "Guide to the Information Available" er að finna eyðublað til að panta ákveðnar upplýsingar. Allar fyrirspurnir vegna þessarar lýsingar eftir umsóknum sendist til:

European Commission
Directorate-General III - Industry
Esprit Information Desk
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels

tölvupóstur: esprit@dg3.cec.be, bréfasími: +32 2 296 83 88.

Umsóknir sendist til framkvæmdastjórnarinnar (á heimilisfangið sem gefið er í upplýsingapakkanum) fyrir kl. 17 00, 16. júní 1998 (staðartími), staðfest með pósthimpli, eða þjónustu bréfbera, eða afhentar persónulega á sama heimilisfang eða á eina af skrifstofum framkvæmdastjórnarinnar innan bandalagsins, innan sama frests, eins og staðfest er með kvittun fyrir viðtöku. Listi yfir umsóknir sem berast fyrir þann tíma verður endanlega tekinn saman 30. júní 1998, kl. 17 00 (staðartími). Umsóknir sem ekki eru á listanum verða ekki teknar til meðferðar.

Beiðnir um viðbótarupplýsingar um boð til fyrirtækja um að láta í ljós áhuga sinn á þátttöku í félagamóti lítilla og meðalstórra fyrirtækja ("SME Partnership Event"), merktar "TexSBI", sendist á eftirfarandi heimilisfang:

Michel Bosco
European Commission
Directorate-General III - Industry
The Esprit Programme (F/6, N 105, 5/8)
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels

bréfasími: +32 2 296 83 87.

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í mótinu geta komið því á framfæri við sömu stofnun fyrir 16. júní 1998 (sjá nánari upplýsingar í Stjtið. EB nr. C 81 frá 17.3.1998).

Tilkynning franskra stjórnvalda varðandi tilskipun Evrópuþingsins 98/EES/12/14 og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni⁽¹⁾

Tilkynning um umsókn um einkaleyfi til að leita að olíu og jarðgasi á sérleyfissvæðinu "St-Just-en-Brie"

Fyrirtækið Madison Chart Energy, með aðalskrifstofu á Place Vendôme 18, F-75001 París, hefur með umsókn dags. 24. október 1997, sem breytt var 7. nóvember 1997, lagt fram beiðni um einkaleyfi til fimm ára til að leita að olíu og jarðgasi á sérleyfissvæðinu "St-Just-en-Brie", svæði sem nær yfir u.þ.b. 1186 ferkílómetra í umdæmunum Seine-et-Marne og Aube (sjá nánari upplýsingar í Stjttfð. EB nr. C 81 frá 17. 3. 1998).

Fyrirtækum sem óska eftir að leggja fram umsókn vegna sama svæðis er heimilt að gera það innan 90 daga frá því að þessi tilkynning birtist í fyrrnefndum Stjórnartíðindum EB. Frekari upplýsingar fást samkvæmt beiðni hjá: Ministère de l'économie, des finances et de l'industrie, secrétariat d'État à l'industrie, direction générale de l'énergie et des matières premières, direction des hydrocarbures, service exploration-production, 99, rue de Grenelle, F-75353 Paris 07 SP, sími: +33 1 43 19 31 22, bréfasími: +33 1 43 19 38 28.

Orðsending frá Hollandi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og 98/EES/12/15 ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni⁽¹⁾

Tilmæli um umsóknir um vinnsluleyfi fyrir olíu og gas á olíuleitarsvæði K 16

Atvinnumálaráðherra Hollands tilkynnir að umsókn um vinnsluleyfi fyrir olíu og gas hafi borist fyrir olíuleitarsvæði K 16, sbr. kortið í I. viðauka við reglugerð frá 1996 um leyfi fyrir olíu- og gasvinnslu á landgrunninu (hollensku stjórnartíðindin 93).

Í samræmi við b-lið 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni og 16. gr. a laga um námavinnslu á landgrunningu mælist atvinnumálaráðherra eftir umsóknum um vinnsluleyfi fyrir olíu og gas á olíuleitarsvæði K 16.

Umsóknir merktar „persoonlijk in handen” skulu sendar innan 13 vikna frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttfð. EB nr. C 21, 3. 1. 1998, á eftirfarandi heimilisfang:

Minister van Economische Zaken,
'ter attentie van de directeur Olie en Gas',
Bezuidenhoutseweg 6,
NL-2594 AV, Den Haag,
Nederland

Beiðnir sem berast eftir þann tíma verða ekki teknar til greina. Leyfi verða veitt innan níu mánaða frá því að fresturinn rennur út.

Unnt er að fá frekari upplýsingar í síma (31 70) 379 66 85.

⁽¹⁾ Stjttfð. EB nr. L 164, 30. 6. 1994, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjttfð. EB nr. 25, 8. 7. 1995, bls. 2.

Lyfjamatsstofnun Evrópu (EMEA), London**98/EES/12/16****leitar að sérfræðingum til að setja á biðlista á sviði er varðar****DÝRALYF**

EMEA er ein af sérfræðistofnunum Evrópubandalagsins. Hún hefur með höndum að samhæfa vísindastarfsemi í aðildarríkjum ESB er lýtur að mati og eftirliti með nýjum lyfjum ætluðum mönnum og dýrum.

Hægt er að kynna sér starfsemi EMEA með því að fara á vefsíðu stofnunarinnar <http://www.eudra.org>

Til að efla starfsemi sína á sviði dýrallyfja óskar EMEA eftir umsækjendum, til að setja á biðlista, um:

- Stjórnunarstöðu (vísindalega) í deild sem annast mat á dýrallyfjum (launaflokkur A 7).

Ítarleg útlitun á stöðunni birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins (Stjtið. EB) nr. C 85 A, 20. mars 1998, ásamt útdrætti um tilskilda menntun og starfsreynslu. Umsækjendur verða að vera ríkisborgarar aðildarríkja Evrópusambandsins eða Evrópska efnahagssvæðisins.

Eintak af Stjtið. EB, sem hefur að geyma umsóknareyðublað, fæst samkvæmt beiðni hjá starfsmannastjóra (Head of Personnel). Hægt er að senda beiðnina um bréfasíma + 44 171 418 8416, með tölvupósti (frances.nuttall@emea.eudra.org), eða í pósti á eftirfarandi heimilisfang:

The European Agency for the Evaluation of Medicinal Products
7 Westferry Circus, Canary Wharf
UK-London E 14 4HB

Umsóknir, rétt útfylltar og undirritaðar, sendist á fyrrnefnt heimilisfang, póststimplaðar eigi síðar en 30. apríl 1998.

Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 16. 2. til 27. 2. 1998

98/EES/12/17

Þessi skjöl er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðu fjöldi
COM(98) 76	CB-CO-98-078-EN-C ⁽¹⁾	Breytt tillaga að tilskipun ráðsins um ramma-ákvæði vegna aðgerða bandalagsins á sviði stefnumótunar í vatnsmálum (COM(97) 49 lokagerð)	17.2.1998	17.2.1998	61
COM(98) 46	CB-CO-98-048-EN-C	Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um samræmingu laga aðildarríkjanna hvað varðar hávaða frá búnaði sem notaður er utandyra	18.2.1998	18.2.1998	141
COM(98) 70	CB-CO-98-073-EN-C	Endurskoðuð tillaga að tilskipun ráðsins um breytingu á tilskipun 92/14/EBE um skorður við notkun flugvéla sem falla undir I. bindi, II. hluta, 2. kafla í 16. viðauka samþykktar um alþjóðaflugmál, 2. útg. (1988)	17.2.1998	18.2.1998	5
COM(98) 71	CB-CO-98-075-EN-C	Tillaga að tilskipun ráðsins um skilyrði sem uppfylla þarf til að stunda farþegaflutninga með ekjuferjum og háhraðafarartækjum innan bandalagsins	18.2.1998	18.2.1998	61
COM(98) 81	CB-CO-98-086-EN-C	Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipun 64/432/EBE um vanda er varðar dýraheilbrigði í viðskiptum með nautgripi og svín innan bandalagsins	18.2.1998	18.2.1998	6
COM(98) 92	CB-CO-98-097-EN-C	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins og Evrópuþingsins: Stjórnun fiskveiða í samræmi við sameiginlegu fiskveiðistefnuna	19.2.1998	20.2.1998	20
COM(98) 85	CB-CO-98-090-EN-C	Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipun 90/220/EBE um þau tilvik er erfðabreyttum lífverum er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið	23.2.1998	23.2.1998	96
COM(98) 87	CB-CO-98-092-EN-C	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd á tilskipun ráðsins 96/29/Euratom frá 13. maí 1996 um að fastsetja grundvallaröryggisstaðla til verndar heilsu starfsmanna og almennings gegn hættu sem stafar af jónandi geislun	23.2.1998	23.2.1998	35
COM(98) 94	CB-CO-98-099-EN-C	Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins um kostnað vegna aðstoðar við útflutning á tilteknum ávöxtum og grænmeti á árinu 1996, sbr. reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3438/92	23.2.1998	23.2.1998	6
COM(98) 99	CB-CO-98-104-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um skyldubundnar upplýsingar, sem ekki er kveðið á um í tilskipun 79/112/EBE, á merkimiðum tiltekinnna matvæla sem framleidd eru úr erfðabreyttum lífverum	25.2.1998	25.2.1998	10
COM(98) 100	CB-CO-98-105-EN-C	Tillaga að ákvörðun ráðsins um viðurkenningu bandalagsins á breytingum á II. og III. viðbæti við Bernar-sáttmálann um verndun villtra plantna og dýra í Evrópu sem og náttúrulegs umhverfis þeirra, sem samþykktar voru á 17. fundi fastanefndar þingsins	25.2.1998	25.2.1998	5
COM(98) 102	CB-CO-98-122-EN-C	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins, Evrópuþingsins og efnahags- og félagsmálanefndarinnar um tölvuvanda sem tengist árinu 2000	25.2.1998	25.2.1998	15
COM(98) 73	CB-CO-98-084-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um að setja ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans	18.2.1998	26.2.1998	19

(1) „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

98/EES/12/18

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjtúð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtúð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtúð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
98-0009-NL	Reglugerð um breytingu á reglugerð um starfsskilyrði, í tengslum við reglur um tilviljunarkenndar afskriftir fjárfestinga í búnaði sem miðar að því að bæta starfsskilyrði	8.4.1998
98-0060-B	Konunglegur úrskurður um að fastsetja fjárhæð skatta vegna söfnunar og endurvinnslu á rafhlöðum með hliðsjón af ákvæðum um umhverfisskatta	(4)
98-0062-B	Konunglegur úrskurður um greiðslukvittun fyrir rafhlöður sem skilagjald fæst fyrir	5.5.1998
98-0063-I	Breyting á fyrsta lið 12. gr. í lögum nr. 352 frá 8. október 1997	5.5.1998
98-0065-F	Drög að lögum um að efla heilbrigðiseftirlit og eftirlit með hreinlæti við framleiðslu matvæla	5.5.1998
98-0066-F	Drög að ákvörðun um ýmis ákvæði sem fara ber eftir við framleiðslu á þrýstihylkjum (búnaður, gildandi staðlar o.s.frv.)	5.5.1998
98-0071-I	Viðurkenning á samræmi við gildandi staðla á öryggisbúnaði og -kerfum við framleiðslu og notkun vinnupalla, svokallaðra burðarbjálka í sviðsturnum” í leikhúsum. 28. gr. úrskurður nr. 626/94, sem breytt var með 14. gr. í úrskurði nr. 242/96, aðlögun að tæknilegri útfærslu	12.5.1998
98-0072-D	Tæknilegir viðbótarsamningsskilmálar og leiðbeiningar um smíði vegarsamskeyta úr asfalti í brúarklæðningar og aðra smíði úr steinsteypu (ZTV-BEL-FÜ), 1998, tæknilegir afhendingarskilmálar vegna efnis sem er notað við smíði á vegarsamskeytum úr asfalti (TL-BEL-FÜ), 1998, og reglugerðir um tækniprófun á vegarsamskeytum úr asfalti (TP-BEL-FÜ), 1998	18.5.1998
98-0061-B	Konunglegur úrskurður um sérstaka merkingu fyrir ílát undir drykkjarvörur, rafhlöður og umbúðir fyrir ákveðnar iðnvörur og um undanþágu frá skyldu um skilagjald	5.5.1998
98-0078-B	Drög að úrskurði um tæknilega staðla um uppsetningu og rekstur á kapaldreifikerfum	18.5.1998
98-0079-UK	Fyrirmæli um refarækt	20.5.1998
(3)(4)(5)		

(1) Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

(2) Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

(3) Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

(4) Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

(5) Ekkert stöðvunartímabil vegna skatta- eða fjármálaráðstafana; sbr. 3. lið 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 94/10/EB.

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtfð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.